



## Verðbólga áfram undir markmiði

Vísitala neysluverðs (VNV) hækkaði um 0,23% milli mánaða í mars og mælist verðbólgan nú 2,1% samanborið við 2,4% í febrúar. VNV án húsnæðis hækkaði um 0,10% milli mánaða og mælist verðbólga 1,8% á þann mælikvarða.

Þessi mæling kom lítið á óvart, en opinberar spár lágu á bilinu 0,2% og 0,3%. Við höfðum spáð 0,3%.

### Helstu áhrifaþættir milli mánaða:

- **Föt og skór** hækkuðu vegna útsöluloka.
- **Reiknuð húsaleiga** hækkaði um 0,9% milli mánaða. Skýrist þetta af 1,2% hækkun á vísitölu markaðsverðs húsnæðis en áhrif vaxtabreytinga var 0,3 prósentustig til lækkunar.
- **Matur og drykkjarvara** hækkaði um 0,5% milli mánaða. Mest hækkuðu epli og appelsínur, en ber og kál lækkaði mest.
- **Flugfargjöld til útlanda** lækkuðu um 10,1% milli mánaða og er þessi liður 5,7% lægri í mars í ár en í mars 2019.
- **Bensín og díselolía** lækkuðu um 2,6% milli mánaða í samræmi við væntingar okkar.

### Áhrifa Covid-19 mun gæta næsta mánuði

Samkvæmt fréttatilkynningu sem Hagstofan sendi frá sér samhliða birtingu vísitölnnar þá gekk marsmæling eðlilega fyrir sig.

Áhrifa Covid-19 veirunnar og aðgerða stjórnvalda til að hefta útbreiðslu hennar mun hins vegar gæta í aprilmælingu. Samkvæmt fréttatilkynningunni má ekki vænta skyndilegra stökka í verði á þeim undirliðum þar sem viðskipti eru lítil eða engin. Einnig kom fram að ekki standi til að breyta vogum í VNV vegna breyttra neyslumynstra, enda eru þessar breytingar tímabundnar og munu ganga til baka.


### Gerum ráð fyrir 1,5% verðbólgu í júní

Eins og staðan er í dag reiknum við með +0,1% hækkun verðlags í apríl, óbreyttri vísitölu í maí og +0,2 í júní. Gangi spáin eftir verður ársverðbólgan 1,5% í júní.

	Vægi í VNV	milli mánaða	tólf mánaða
Matur og drykkjarv.	13,3%	0,5%	2,4%
Áfengi og tóbak	2,5%	-0,7%	2,8%
Föt og skór	4,1%	4,5%	2,7%
Húsn. án reikn. húsaleigu	15,2%	0,1%	2,9%
Reiknuð húsaleiga	16,3%	0,9%	2,8%
Húsgögn og heimilisb.	5,3%	0,0%	1,1%
Heilsa	4,0%	0,6%	1,2%
Ferðir og flutningar - annað	4,2%	-0,1%	3,5%
Kaup ökutækja	5,6%	0,5%	0,6%
Bensín og díselolía	3,4%	-2,6%	-1,5%
Flugfargjöld til útlanda	1,5%	-10,1%	-5,7%
Póstur og sími	1,7%	-0,3%	-5,2%
Tómst. og menning	10,1%	0,1%	3,9%
Menntun	0,4%	0,0%	2,0%
Hótel og veitingast.	5,8%	-0,1%	1,6%
Aðrar vörur og þjónusta	6,7%	0,3%	3,0%

Heimild: Hagstofa Íslands


### Framlag undirliða




Heimild: Hagfræðideild Landsbankans, Hagstofa Íslands




VNV hækkaði um 0,23% milli mánaða og mælist verðbólgan 2,1% samanborið við 2,4% í febrúar.




Verðbólga án húsnæðis er 1,8%.




Við gerum ráð fyrir 1,5% verðbólgu í júní.




Föt og skór og reiknuð húsaleiga voru til hækkunar, flugfargjöld til útlanda til lækkunar.



Framlag húsnæðis til verðbólgu hækkaði milli mánaða, framlag þjónustu lækkaði.




74% undirliða hafa hækkað síðustu 12 mánuði, þar af 43% meira en 2,5%.






Flugfargjöld til útlanda lækkuðu um 10,1% milli mánaða og eru 5,7% lægri en í mars 2019.




Árshækkun vísitölu markaðsverðs húsnæðis er 5,5% og reiknaðrar húsaleigu er 2,8%.




Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu er þriggja mánaða hlaupandi meðaltal, tafið um einn mánuð.

Föt og skór hækkuðu um 4,5% milli mánaða vegna útsöluloka.



Verðbólguálag á skuldabréfamarkaði er í kringum 2,3%.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélag hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.